

## Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 13. mars 2023

Mættir: Anton, Hrafn, Andrés, Arna Rún, Mattías, Eymar, Sædís, Beníta og Sigga Lára

1. Farið yfir síðustu fundargerð
2. Skóladagatal Heiðarskóla drög 2023 – 2024. Vetrarfrí nú komið á sama tíma og á Akranesi í október og febrúar.
3. Lyngbrekkuball: Búið að panta Miðgarð 27. apríl, þurfum að senda erindi á sveitarstjórn og óska eftir að fá að nýta húsið án þess að greiða leigugjald, Sigga Lára gerir uppkast. Umræða um DJ. Fundurinn lagði til Ólaf Jóhann Steinsson. Einnig rætt um að stofna undirbúningshóp skipaðan þeim Brynju Dís, Stefaníu, Aldísi, Guðbjörgu og Lindu. Skólastjóri fundar með þeim.
4. Kalt í ákveðnum rýmum í skólanum, skólastjóri kallar til pípara.
5. Félagsrými unglunga, mjög kalt þar inni, vantar fleiri sófa, lekur inn með hurðinni og ekki hægt að loka opnanlegu fagi á glugga almennilega. Stendur til að setja svampdýnu í glugga í félagsrými, unglingar eiga eftir að taka mál og rissa upp.
6. Klukkan í matsalnum einni mínútu of sein – laga það.
7. Vantar fleiri gráðuboga og reglustikur – skólastjóri pantar.
8. Sparkvöllur, ákveðið að vera áfram með sömu reglurnar.
9. Enn stefnt á að hafa eina bakaríissölu á vorönn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:50